

SAGA

Árið 1987 veitti Norræni menningarsjóðurinn styrk til þriggja ára til verkefnis með heitinu Norræna dansnefndin. Tilgangurinn var að styrkja stöðu dansins á Norðurlöndunum. Í desember sama ár skipulagði nefndin hugmynda- og rannsóknánámsstefnu. Þar kom fram hugmynd um að mynda hóp með fulltrúum allra Norðurlandanna til að vinna skipulega áfram að verkefninu. Hópurinn starfaði frá því í október 1988 sem bráðabirgðastjórn Nordisk Forum för Dansforskning (NOFOD) og skipulagði haustið 1990 fyrstu dansrannsóknaráðstefnuna sem var haldin í Kaupmannahöfn.

Stjórn samtakanna, en í henni sitja tveir fulltrúar frá hverju hinna fimm norrænu landa, hefur síðan skipulagt rannsóknaráðstefnur annað hvort ár, þá fyrstu í Danmörku en síðan í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Frá og með 2004 réði Ísland fjárhagslega við að standa fyrir ráðstefnu.

Verkefni stjórnar samtakanna er aðallega að undirbúa dansrannsóknaráðstefnur annað hvort ár, auk þess að standa fyrir námskeiðum og fundum. Ennfremur að vera tengiliður á milli einstaklinga og stofnana, bæði á innlendum og norrænum vettvangi og að vinna að aukinni þekkingu á dansrannsóknum. Þátttakendum á alþjóðavísu hefur sífellt farið fjölgandi sem má túlka sem árangur fyrir starfsemi NOFOD og sýnir að norrænar dansrannsóknir vekja áhuga út fyrir norræn landamæri.

Fyrir samtökin er það áriðandi að skapa vettvang fyrir rannsóknir á dansi í sem víðustum skilningi. Dansrannsókir eru þverfaglegar á margan hátt, þar með er tilhneiging til að ýta dansinum til hliðar innan hinna ýmsu fræðigreina. Því er mikilvægt að vekja athygli á því að hér er um að ræða bæði sjálfstæða fræðigrein og þverfaglegt rannsóknasvið. Í því felst að þátttakendur eru fræðimenn innan leiklistar- og dansvísinda, þjóðfræði, félagsmannfræði, sagnfræði, dansþerapíu en einnig danskennarar, dansarar og danshöfundar sem geta komið að verkefnum sem falla undir listfræðilegar rannsóknir.